


Staðarhóll ⁽¹⁾

Sá bær er ystur austan Siglufjarðar, beint gegn Þormóðseyri (kaupstaðnum). Það er fornt býli og sér þar nokkuð til fornra garða, um fremur lítið og óslétt tún, en engi er slétt og fagurt til beggja handa, sem víðast í byggðum þessum. Búið hefir hér oftast verið og telst jörðin enn í ábúð. [Til 1941]

Melhöfði stór er hér ofan við bæinn og er það *Staðarhóll* (2) sá er bærinn hefir nafn af fengið. En á það bendir staðarnafnið helst, að kirkjustaður hafi eitt sinn verið, enda líklegt að kirkjur hafi hér í fyrstu verið báðu megin fjarðar, þá mest var um þær og kunnugt að hér voru þær síðar á tveim stöðum öðrum.



Staðarhólshnjúkarnir


Tveir eru hér fjallshnjúkar, annar beint upp frá bæ: *Ytri-Staðarhólshnjúkur* (3) en skammt sunnar: *Syðri-Staðarhólshnjúkur* (4) hefir hann vafalaust ráðið landamörkum. Suður frá túni til merkja er *Staðarhólsengi* (5). Neðan bæjar og allt út að Selvík nefnast: *Staðarhólsbakkar* (6) en allt frá bæ að Nesskriðum: *Staðarhólssströnd* (7). Sunnan við hólinn og túnið fellur lítill lækur, nefndur:

Rjómalækur (8) norðan hans á hólþala litlum stóð hjábýlið: Rjómalækur (9) byggt á 16. eða 17. öld en stöðugt í auðn eftir 1640 nefnist þar nú Kothóll (10). Utan Staðarhólsins er: Kvíalaut (11) út frá henni: Rekstrarholt (12) og utan þess: Litlidalur (13). Ofan Staðarhólsins er Kringlóttihóll (14) upp frá honum Langimelur (15). Lítið sunnar norðan Rjómalækjar er lítill




Rústir Evangerverksmiðjunnar

grösugur stallur nefndur Nautaskál (16) og neðan hennar melhöfði Nautaskálarhóll (17). Allmikið ofar er stórt hvolf vestan við Staðarhólshnjúka nefnt: Skollaskál (18) og neðan við hana Skollaskálarbrún (19). Suður frá Rjómalæk eru sjávarbakkar lægri, nefnist þar Olnbogi (20). Þar var um og eftir 1910 reist Síldarverksmiðja og söltunarstöðvar 2 er allt fórst í snjóflóði vorið 1919 ásamt fleiri byggðum og 9 mönnum. Féll hér og annað slíkt voðafloð 1839, koma þau úr suðvesturhlíð Ytri-Staðarhólshnjúks og fram úr Skollaskál hefir því hvorki býlið Rjómalækur né aðrar byggðir á þessu svæði haldist og er furðanlegt óvit að slíkt skuli ætlað. Sunnan við Olnboga er Grafalækur (21) svo nefndur af mógröfum miklum í Staðarhólsengi, en slíkar hafa hér stórskemmdir orðið á hinum fegurstu engjalöndum flestra býla, síðan þorpsbúum fjölgaði og virðist nú mjög úr hófi keyra að síðustu. Sunnan Grafalækjar var Staðarhólsbúð (22) var þar uppsátur en nú tóftir einar. Þar litlu sunnar í enginu hafa lengi verið steinar 2 nefndir Bræður (23) hafa þeir úr fjalli oltið og hinn 3. nýlega. Teljast þeir landamerki og einnig lækjar drag lítið ofan úr hlíð nefndur Merkjalækur (24) sennilega hefir þó Naustaá sem litlu sunnar fellur, verið hin fornu merki.




Álfakirkja

Út og niður frá bæ var laut lítil fremst í bökkunum nú hálf sigin og hrunin af, nefnd



Álagabólli (25) hefur þar á stóru svæði í bökkunum lengi ekki vogað verið að slá eða við neinu að hreyfa sakir ótta við hefndir huldra vætta, enda slík trú hér mjög ríkjandi. Litlu utar er klettastapi fram frá bökkunum nefndur *Álfakirkja* (26) fram frá honum er blindsker lítið nefnt *Kollur* (27). Litlu sunnar, rétt við tún og tæpt á bökkunum er fjárhústóft nefnd *Ástukofi* (28). Þar skammt utar er sem túnblettur nokkur þýfður og tóftarústir, nefnt *Lambhúsgerði* (29) og norðan tóftanna *Lambhúslækur* (30). Þá er og túnblettur meiri litlu utar og sem nes lítið hálent nefnt *Hesthúsnes* (31). Tóftir eru hér nokkrar sumar fornar því líkt sem býli hafi eitt sinn hér verið þó ókunnugt sé. Sunnan tóftanna fellur *Hesthúslækur* (32) fram frá nesinu er *Hesthúshlein* (33) sunnan hennar lítil vík *Hesthúsbás* (34) en norðan nessins *Klungurbás* (35). Þar skammt utar er lítil vík nefnd *Peningabás* (36) sunnan við hann gengur mjó klettatá fram úr bökkunum og er gæn þúfa fremst á henni nefnd *Peningaþúfa* (37). Út frá Peningabás er klettadrangur frá laus bökkunum nefndur *Stapi* (38) og utan við hann *Stapabás* (39) þá er næst *Breiðanes* (40) og utan þess *Breiðibás* (41) þá *Illafjara* (42) og *Illibás* (43) en út frá þeim *Selnes* (44) og framan í því *Ófæruvík* (45) þar þrýtur Staðarhólsbakka.

Á Selnesi hefir verið *Staðarhólssel* (46) einnig líklega verbúðir og uppsátur í *Selvík* (47) norðan þess hér eru og sagnir um býli um eina tíð og bæ reisti hér hinn frægi sjógarpur Jón Austri Ólafsson frá Staðarhóli 1820-25 og var hér einbúi um sinn. Loks



Staðarhólsbásar

voru hér beitarhús fá ár eftir 1893 og stendur nú á rústum þess *Selnesviti* (48). Sunnan við byggðir þessar fellur lækur er *Selá* (49) nefnist kemur hann fram úr hliðinni skammt ofar. Út og upp frá Selnesi gengur *Kálfsdalur* (50) austur og suðaustur í fjöllin en sunnan við mynni hans garður forn og mikill ofan úr fjallsöxlinni að sjó um norðurbrún Selness mun hann nefnst hafa *Selvíkur-* eða *Selnesgarður* (51).



Kálfsdalur og Kambalágar

Niður í dalinn frá norðurhlið hefir í ómunatíð orðið framhlaup mikið eru þau úfin hálfgróin hrjóstur og niður frá þeim að sjó tveir hryggir er nefnst hafa *Kambar* (52) en milli þeirra og utan eru dældir grösugar nefndar: *Kambalágar* (53) og hin ysta þeirra og fegursta *Kúalaut* (54). Þar skamt utar er gildrag úr fjalli ofan nefnt *Kambalágagil* (55). Allt út frá Selvík eru skriðubakkar allháir er nokkuð hafa stöðugt eyðst af ágangi brims og veðra en neðan þeirra nefnist *Langafjara* (56). Fram frá Kambalágagili er blindsker nefnt *Klukkusker* (57). Er svo sagt að þá aðalkirkja var gjörð á Hvanneyri 1613 hafi hér bát hvolft er kirkjuklukku flutti frá Siglunesi og hún þar týnst. Þar skammt utar er *Selaból* (58) nefnt og gil allmikið upp frá því *Selabólsgil* (59) er skammt þaðan út að Hrafnisnefi sem áður getur og skilur hér lönd hinna innri og ytri byggða.

Uppi Kálfsdal miðjum er tjörn ein er *Kálfsvatn* (60) nefnist, í hana fellur *Kálfsdalsslækur* (61) en framrás hefur vatnið neðan jarðar er fram kemur upp frá Selnesi og er það Selá áður nefnd. Í leysingum og stórrigningum dugar útrás þessi ekki, hækkar þá vatnið og fellur einnig úr því lækur ofan jarðar. Um vatn þetta hafa hér því



Kálfsdalur

myndast hinar furðanlegustu sagnir sem trúgirni og fáfræði hafa getað upp spunnið, svo sem að uppganga sé þar frá sjó og stöðugt flóð og fjara, fullt hafi það verið af fiski uns búendur 2 deildu um veiði og drápu hver annan en konur þeirra lögðu það á að fisklaust skyldi vera og fugl þar aldrei sjást !!

[Viðbót rituð með blýanti, illlæsileg:]

Utan við Kálfsvatn er Sjónarhóll (62) austur úr dalnum eru hestfærar slóðir til Reyðarárdals um Kálfsskarð (63). Sunnan við Kálfsdalinn er Kálfshyrna (64) Kálfsegg (65) skammt Grásteinn (66)

Inn frá Kálfsdal en út frá Staðarhólshnjúk er.....Hinrikshnjúkur (67) suðvestur frá honum er Fagurkinn (68) og Hinriks..?.....(69)

Stafrófsröð örnefna Staðarhóll

- A -

Álagabólli 25

Álfakirkja 26

Ástukofi 28

- B -

Breiðanes 40

Breiðibás 41

Bræður 23

- F -

Fagurkinn 68

- G -

Grafalækur 21

Grásteinn 66

- H -

Hesthúsbás 34

Hesthúshlein 33

Hesthúslækur 32

Hesthúsnes 31

Hinriks(ólæsilegt) 69

Hinrikshnjúkur 67

- I -

Illafjara 42

Illibás 43

- K -

Kambalágagil 55

Kambalágar 53

Kambar 52

Kálfsdalslækur 61

Kálfsdalur 50

Kálfsegg 65

Kálfshyrna 64

Kálfsskarð 63

Kálfsvatn 60

Klukkusker 57

Klungurbás 35

Kollur 27

Kothóll 10

Kringlóttihóll 14

Kúalaut 54

Kvíalaut 11

- L -

Lambhúsgerði 29

Lambhúslækur 30

Langafjara 56

Langi-Melur 15

Litli-Dalur 13

- M -

Merkjalækur 24

- N -

Nautaskál 16

Nautaskálarhóll 17

- O -

Olnbogi 20

Ófæruvík 45

- P -

Peningabás 36

Peningapúfa 37

- R -

Rekstrarholt 12

Rjómalækur 8

Rjómalækur 9

- S -

Selaból 58

Selabólsgil 59

Selá 49

Selnes 44

Selnesgarður 51

Selnesviti 48

Selvík

Sjónarhóll 62

Skollaskál 18

Skollaskálarbrún 19

Staðahólssel 46

Staðarhóll 1

Staðarhóll 2

Staðarhólsbakkar 6

Staðarhólsbúð 22

Staðarhólsengi 5

Staðarhólsströnd 7

Stapabás 39

Stapi 38

Syðri-Staðarhólshnjúkur 4

- Y -

Ytri-Staðarhólshnjúkur 3